



ORKUSTOFNUN

**Niðurdæling á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði.
Mælingaáætlun fyrstu mánuðina**

Guðni Axelsson

Greinargerð GAx-97-06

1997-09-01

NIÐURDÆLING Á SYÐRA-LAUGALANDI Í EYJAFIRÐI MÆLINGAÁÆTLUN FYRSTU MÁNUÐINA

Þann 8. september n.k. hefst niðurdælingin á Laugalandi. Reiknað er með að dælt verði föstu magni í holu LJ-8, um 10 l/s, í nokkra mánuði. Sem undirbúningur fyrir niðurdælinguna hófst stöðug dæling úr holu LN-12 þann 25. ágúst síðastliðinn. Er vonast til að ekki verði farið að dæla úr öðrum holum á svæðinu fyrir en í lok október, eða í nóvember.

Í töflunni hér að neðan er birt tillaga að mælingaáætlun fyrir fyrstu mánuði prófunarinnar. Í kringum 22. september verður ferilefni síðan komið í holuna og verður sérstök sýnatökuáætlun gerð fyrir þann tíma.

<i>Hola</i>	<i>Hvað mælt</i>	<i>Hvernig</i>	<i>Tíðni</i>
LJ-8	rennsli þrýstingur vatnshiti	sjálfvirkt sjálfvirkt sjálfvirkt	á 5-10 mín. fresti fyrsta sólarhr. á 10-60 mín fresti eftir það
LN-10	vatnsborð	sjálfvirkt	á 5-10 mín. fresti fyrsta sólarhr. á 10-60 mín fresti eftir það
LN-12	dæling vatnshiti	sjálfvirkt sjálfvirkt	á 10-60 mín fresti
LJ-5	vatnsborð	handvirkt	6x fyrsta sólarhr. 1/dag fyrstu vikuna 2/viku eftir það
LG-9	vatnsborð	handvirkt	1/dag fyrstu vikuna 2/viku eftir það
LJ-6 Laugalandi TN-2 Ytri-Tjörnum HW-9 Hrafnagili GG-1 Grísará BÝ-2 Botni BÝ-3 Botni KW-2 Klauf	vatnsborð	handvirkt	2/viku

MÁ EKKI FJARLÆGJA

Gert er ráð fyrir því að sjálfvirkar mælingar fyrir holur LN-10 og 12 verði komnar í gang nokkrum dögum fyrir upphaf niðurdælingarinnar, annars þarf að mæla daglega í þessum holum. Fyrir prófunina þarf auk þess að mæla vatnsborð í holu LJ-8 daglega í nokkra daga, síðast mánudaginn 8. september. Jafnframt þarf að mæla vatnsborð í holum LG-9, LJ-6, TN-2, GG-1, BÝ-2, BÝ-3 og KW-2 þrisvar sinnum fyrir prófunina (n.k. miðvikudag og föstudag, en síðast á sunnudegi eða mánudagsmorgni). Skrá þarf tímasetningu handvirkra mælinga nákvæmlega.

Dæla þarf í holu LJ-8 í þrepum c.a. tveimur dögum eftir að niðurdælingin hefst. Mætti gera það með því að auka rennslið í tveggja lítra þrepum, hvert um hálf tíma að lengd, upp í 20 til 25 l/s. Síðan mætti minnka rennslið aftur í jafnlöngum þrepum, allt niður í 2 l/s rennsli. Í þessari þrepaprófun þyrfti tölvubúnaðurinn að skrá gögn frá holu LJ-8 með meiri tíðni, t.d. á 5 mín. fresti.

Ganga þarf þannig frá tölvubúnaði að hægt verði að sækja gögn úr prófuninni af Orkustofnun í tölvu á aðalskrifstofu HVA. Jafnframt væri rétt að eftirfarandi stærðir, sem mældar verða sjálfvirk, verði skráðar á blað af og til fyrstu dagana og sendar á Orkustofnun:

- vatnsborð LN-10
- niðurdæling LJ-8
- toppþrýstingur LJ-8
- vatnshiti LJ-8
- dæling LN-12
- vatnshiti LN-12

Rétt er að ítreka það að lokum, eins og áður hefur verið fjallað um, að á einhvern hátt þarf að tékka af hina ýmsu mæla og skynjara til þess að tryggja að þeir mæli alltaf rétt.

Guðni Axelsson